

Mál nr. 327/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Fjölskyldutryggingar.

Maður brotnað á fæti í ryskingum við mág sinn þ. 7.7.2013.

Gögn.

1. Málskot móttengið þ.1.10.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Bréf V dags. 4.11.2013 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Samkvæmt lögregluskýrslu sagði M að honum hafi lent saman við mág sinn og hann skyndilega fundið til mikils sársauka við ökkla og hnigið óvígur niður. Eiginkona M segir að M og mágur hans hafi verið að slást og síðan hafi komið menn og stíað þeim í sundur og þá hafi M legið eftir meiddur á fæti. M krefst bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V vegna umrædds slyss og hafnar því að hafa verið í handalögmálum þegar það gerðist heldur hafi mágur hans þrifið aftan í sig og og M segist ekki hafa verið brotinn meðan þeir tókust á, en þeir verið skildir og þá hafi mágur M sparkað á eftir sér. V hafnar bótaskyldu og telur að um handalögmál hafi verið að ræða milli M og mágs hans í umrætt sinn og vísar V til vátryggingarskilmála umræddrar fjölskyldutryggingar þar sem segir að slys sem verði í handalögmálum séu sérstaklega undanskilin og því sé slys það sem hér ræðir um ekki bótaskyld. V telur að öll gögn beri það með sér að um handalögmál hafi verið að ræða. Þá bendir V á að M hafi dregið kæru á hendur mági sínum til baka og því liggi ekki fyrir nein framburðarskýrsla frá honum.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að slys M hafi orðið þegar hann var í handalögmálum við mág sinn. Slys sem verða í handalögmálum eru sérstaklega undanskilin bótaábyrgð í þeim vátryggingaskilmálum sem hér um ræðir. M á því ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 26.11.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.